

til félagsins, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum, og hlíti seljandi mati þessu, **43**
 ef hann þá kys að selja og félagið vill kaupa. Næst á eftir félaginu hafa félagsmenn, 30. júní
 sem ekki eiga íbúð, forkaupsrétt við sama verði, enda hafi þeir ekki byggt íbúð með
 aðstoð félagsins samkvæmt þessum lögum. Ekki er eiganda íbúðar heimilt að fram-
 leigja nema nokkurn hluta íbúðarinnar. Þó getur hann leigt heila íbúð um stundar-
 sakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og félagsstjórnin leyfir og samþykkir
 leigumálann.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

44

30. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

Í staðinn fyrir „Reykholt í Borgarfjarðarsýslu“ í 3. gr. laganna komi: við
 Stafholtsveggjahver í Borgarfirði.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss,
 Eyrarbakka og Stökkseyrar.

45

30. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogs-
 stöðinni til Selfoss, Eyrarbakka, Stökkseyrar og til þeirra fyrirtækja og sveitabýla í
 Árnessýslu, sem þannig eru sett, að unnt er kostnaðar vegna að veita rafmagn til
 þeirra, og einkarétt til sölu á þessu svæði.

45 Sérleyfistíminn sé 20 ár frá því rafveitan er komin til ofanefndra kauptúna 30. júní (sbr. þó 4. tölul. 3. gr.).

2. gr.

Nú berast óskir um raforkuveitu til Hveragerðis, og samkomulag tekst við sérleyfishafa um lagningu hennar og raforkusölu á þetta svæði, og nær þá sérleyfið einnig til lagningar þeirrar veitu.

3. gr.

Skilyrði fyrir sérleyfi og hlunnindi sérleyfishafa til handa eru þau, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði félag til að veita rafmagni og reka fyrirtækið, sem hafi hæfilegt stofnfé, að dómi ráðuneytisins, og ráði yfir að minnsta kosti 900000 kr. til framkvæmdanna.
2. Að gerð veitunnar sé þannig, að öruggt sé, að hún geti fullnægt þeim byggðarlögum, sem ætlað er til, að fái rafmagn frá veitu þessari í framtíðinni.
3. Að ríkisstjórnin gefi út reglugerð um rekstur veitunnar. Má þar ákveða sektir fyrir brot gegn reglugerðinni.
4. Að ríkið eigi, að sérleyfistímanum liðnum, kauparétt á veitunni fyrir matsverð dómkvaddra manna. Nú telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, vegna hagsmuna almennings, að kaupa orkuveituna fyrr, og er það þá heimilt, enda fellur þá sérleyfið niður. Kaupverðið skal ákveða með mati dómkvaddra manna.
5. Að byrjað verði á veitunni þegar er ástæður leyfa og efni til hennar fæst, að dómi ráðuneytisins. Verði sérleyfið ekki notað næstu 5 árin eftir að það er veitt, fellur það niður.

Sérleyfið er ekki framseljanlegt.

6. Að sérleyfishafi hliti þeim skilyrðum öðrum, er ríkisstjórnin telur rétt að setja, þar á meðal viðurlögum.

Ríkisstjórninni er heimilað að ákveða í leyfisbréfinu:

- a. Að engum sé heimilt að vinna raforku til eigin nota á svæðinu nema með leyfi ráðuneytis.
- b. Að leyfishafi skuli vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Enn fremur skal hann undanþeginn að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum, sem þarf til stofnunar veitunnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin skal veita alla þá aðstoð, sem auðið er, við útvegum á efni til veitunnar og flutning á því til landsins.

5. gr.

Um stofnun félagsins, sérleyfisveitingu og önnur atriði, er lúta að fyrirtæki þessu, skal farið eftir ákvæðum laga nr. 15 20. júní 1923 (vatnalaga) og l. nr. 83 23. júní 1932 (um raforkuvirki) að svo miklu leyti sem hér er ekki sérstaklega kveðið á um.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.